



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2024

SPÆN1CC05 Byrjunaráfangi 3 í spænsku

Kennari:	Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir	Sk.st.	GKS
-----------------	--------------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Viðfangsefni undanfaranna eru rifjuð upp og sett í nýtt samhengi. Áfram er unnið að aukinni færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun, þar sem fléttað er inn í kennsluna menningu spænskumælandi landa. Orðaforðinn er aukinn og ný málfræðiatríði þjálfuð.

Til að æfa þessi atriði er hægt að taka mið af eftirfarandi:

- Fólk; líf þess og athafnir í fortíð.
- Líkaminn, heilsa og lífnaðarhættir.
- Tala um framtíðarplön.

Áhersla verður lögð á að nemendur tjái sig sem mest á spænsku í töluðu og rituðu máli, og einnig verður lögð áhersla á fjölbreytta og skapandi verkefnavinnu þar sem tekið er tillit til áhuga nemenda eins mikið og unnt er. Unnið verður með fjölbreytt efni, meðal annars tónlist, myndbönd, leiki og ýmist efni af Netinu sem hjálpar við að komast nær spænskumælandi menningarheimi og eflir menningarläsi nemenda. Áhersla er lögð á að nemendur beri ábyrgð á sínu eigin námi og sýni sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skapandi hugsun.

Undanfari: SPÆN1BB05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- ❖ þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- ❖ mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál og þekkja samskiptavenjur
- ❖ grundvallarþáttum málkerfisins
- ❖ formgerð og byggingu texta og mismuninum á töluðu og rituðu máli.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- ❖ að skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- ❖ lestri ýmiss konar texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
- ❖ að taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og beita kurteisvenjum, málvenjum og hljómfalli við hæfi
- ❖ að beita orðaforða á skýran hátt hvað varðar málvenjur, framburð, áherslur og hljómfall
- ❖ að skrifa samfelldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og nota viðeigandi málfræði fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál, að nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ❖ fylgjast með frásögnum og erindum og ná aðalatriðum úr kunnuglegu efni
- ❖ afla sér upplýsinga, greina helstu atriði þeirra og hagnýta sér í náminu
- ❖ tileinka sér aðalatriðin í stuttum tímarits- eða blaðagreinum um kunnugleg efni og geta dregið ályktanir af því sem hann les
- ❖ takast á við margvíslegar aðstæður í almennum samskiptum, beita viðeigandi mál- og samskiptavenjum
- ❖ miðla eigin þekkingu, skoðunum, tilfinningum sem og persónulegri reynslu
- ❖ útskýra og rökstyðja ákvarðanir og fyrirætlanir
- ❖ miðla efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á
- ❖ skrifa um atburði, ímyndaða og raunverulega
- ❖ skrifa samantekt byggða á tilteknu efni, s.s. kvikmynd eða blaðagrein.

Námsefni og gagnlegar vefsíður:

- Nuevo Español en marcha, nivel básico A1/A2: lesbók (Libro del alumno) og vinnubók (Cuaderno de ejercicios)
- Verkefnahefti frá kennara
- Mappa fyrir ljósrit og verkefni
- Glósubók/Stílabók - stærð A4 eða A5
- Námsefni á Innu
- www.snara.is (orðabók á netinu, frír aðgangur á vefsvæði FSu)
- www.wordreference.com (orðabók og sagnbeygingar á netinu)
- www.spanishdict.com (orðabók og sagnbeygingar á netinu)
- www.verbix.com (sagnbeygingar á netinu)
- <https://conjuguemos.com/> (gagnvirkar sagnbeygingaæfingar á netinu)
- Duolingo, Quizlet og Kahoot (leikja-/námsforrit)

Námsmat: Áfanginn er símatsáfangi.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Hlutapróf	Tvö skrifleg hlutapróf úr námsefninu (20% hvort próf) (lesskilningur, orðaforði og málfræði)	40%
Hlustunarpróf	Tvö hlustunarpróf (5% hvort)	10%
Munnlegt próf	Upplestur úr verkefni/Munnlegt próf (í lok annar)	10%
Verkefni	Ýmis verkefni (ritanir, kvikmyndaverkefni, lokaverkefni o.fl.)	35%
Annað	Mæting, ástundun og þátttaka í tímum	5%
SAMTALS		100%

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
34	19. – 25. ágúst	1. kennsludagur 20. ágúst - Kynning á áfanganum Upprifjun úr SPÆN1AA og SPÆN1BB	Upprifjunar-Kahoot Upprifjun á INNU Ritun: Stutt kynning á ykkur
35	26. ágúst – 1. sept.	10A: Líkaminn og sögnin <i>doler</i>	INNU-verkefni: Læknaverkefni
36	2. – 8. sept.	11A: Spurnarfornöfn	INNU-verkefni: Spurnarfornöfn
37	9. – 15. sept.	11C: Háar tölur, dagsetningar og ártöl	INNU-verkefni: Tölur/dagsetningar/ártöl
38	16. – 22. sept.	8B: Atburðapátíðin Vinnuheftið: Atburðapátíðin (ór.sagnir)	Ritun: Mi vida INNU-verkefni: Atb.þátíð Hlustunarverkefni: Atb.þátíð
39	23. – 29. sept.	Atburðapátíð: Ítarefni	
40	30. sept. – 6. okt.	Upprifjun f/ Kafla- og hlustunarpr. 1	Hlustunarpróf 1 Kaflapróf 1
41	7. – 13. okt. Valdagur 9. okt.	Kvikmynd	Kvikmyndaverkefni
42	14. – 20. okt. Miðannarmat Haustfrí 17. og 18. okt.	Verkefnavinna eða SKRAP	
43	21. – 27. okt.	12B: Núliðin tíð	Ritun: ¿Qué has hecho hoy? INNU-verkefni: Núliðin tíð
44	28. okt. – 3. nóv.	10C-10D: Náin framtíð	Ritun: La semana que viene INNU-verkefni: Náin framt.
45	4. – 10. nóv.	10B: Lýsingarþátíðin Lýsingarþátíð + Atburðapátíð Lokaverkefni kynnt	Ritun: Cuando yo era joven INNU-verkefni: Lýsingarþátíð
46	11. – 17. nóv.	Upprifjun f/Kafla- og hlustunarpr. 2	Hlustunarpróf 2 Kaflapróf 2
47	18. – 24. nóv.	Los gestos / Verkefnavinna Lokaverkefni	INNU-verkefni: Los gestos Lokaverkefni: Lokaskiladagur er 29. nóv.
48	25. nóv. – 1. des.	Menningartengt efni / Verkefnavinna	INNU-verkefni: Menningartengt efni
49	2. – 8. des.	Munnleg próf/SKRAP	Munnleg próf/SKRAP
50	9. – 15. des. Síðasti kennslud. 11. des. Námsmat hefst 12. des.	Munnleg próf/SKRAP	Munnleg próf/SKRAP
51	16. – 22. des.	Sjúkrapróf 16. des. Prófsýning 17. des. Brautskráning 20. des.	
52	23. – 29. des.	Jólafrí	

Námsmat hefst fimmtudaginn 12. desember (það er EKKI lokapróf í þessum áfanga þar sem þetta er **SÍMATSÁFANGI**).

Áætlun þessi getur hæglega breyst t.d. vegna veikinda og er því sett fram með fyrirvara um breytingar.

Sérreglur áfangans:

- ❖ Nemendur þurfa að fylgjast með dagskrá komandi viku á Innu og í kennsluáætlun og bera ábyrgð á því að standa skil á verkefnum á réttum tíma og læra fyrir próf.
- ❖ **EKKI er tekið við verkefnum eftir að skilafrestur er liðinn.**
- ❖ Ef nemandi er fjarverandi þegar próf er tekið í tíma hefur hann möguleika til að taka það í skriptíma sem kennari mun auglýsa síðar á önninni.
- ❖ Nemendur eldri en 20 ára skulu skila öllum verkefnum og prófum eins og aðrir nemendur. Þeir skrifa einnig undir samning við kennara vegna mætingar.
- ❖ Gerð er krafa um að nemendur taki **bæði kaflaprófin, bæði hlustunarprófin og munnlega prófið ef standast skal áfangann**). Einnig þurfa nemendur að fá **4,5 í meðaleinkunn** úr kaflaprófunum tveimur til að standast áfangann.
- ❖ Allt sem telst sem svindl í prófum gefur einkunnina **0** sbr. skólareglur FSu:

*„Nemendur sem staðnir eru að því að nota óleyfileg gögn eða **veita eða þiggja hjálp** í prófum, umfram það sem heimilað er, hafa fyrirgert rétti til prófs í viðkomandi áfanga eða öllum prófum á viðkomandi önn skv. nánari ákvörðun skólaráðs. Nemendum er sérstaklega bent á að vera ekki með neitt **skrifað í lófa, í pennaveski, á handarbök eða í bækur**, sem leyfðar eru í prófum.“*

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi 14. ágúst 2024.
Með von um skemmtilegt samstarf,
Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir.